

Egilsstaðir 22.08 2018

Fundur í stjórn Verkefna-og rannsóknarsjóðs Fljótsdalshrepps og Landsbankans. Haldinn í útibúi Landsbankans á Egilsstöðum kl. 13:00

Mættir eru: Gunnþórunn- Anna Jóna –Ágúst

1. Fjárhagsstaða
Formaður fer yfir reikning félagsins. Staða reiknings er rúmar 1. m.kr. en ósóttir eru styrkir upp á 375.000 kr og nýjir styrkir eru áætlaðir 700.000,- kr.
2. Framlög næsta árs.
Formaður gerir tillögu um árlegt framlag Landsbanka og Fljótsdalshrepps 250.000,- kr frá hvorum aðila fyrir árið 2018. Tillaga samþykkt .
3. Endurskoðun samnings.
Gerð er tillaga um endurskoðun samstarfssamnings milli Landsbankans og Fljótsdalshrepps. Gunnþórunn og Ágúst kasta á milli sín drögum að nýjum samningi. Áætlað er að drög verði tilbúin á næsta fundi stjórnar.
4. Auglýsingar styrkja.
Tillaga um að auglýsa í Dagskránni og Bændablaðinu og heimasíðum Fljótsdalshrepps og Landsbankans, auk kynningar innan helstu skóla (Landbúnaðarháskóla) þ.e. Hóla, garðyrkjubrautar á Reykjum og Hvanneyri. Tillaga samþykkt.
5. Önnur mál
Brynjar Darri Sigurðsson Kjerúlf hefur skilað inn lokaskýrslu. Búið er að greiða út styrk til hans.
Albert Alonso Vilar hefur einnig skilað inn lokaskýrslu og búið að greiða út styrk til hans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.50

Næsti fundur áætlaður í fyrstu viku október 2018.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarnsdóttir (sign)

Ágúst Arnórsson (sign)